

Ágúst Vigfússon:

Hjarðar-holtsskólinn

Fátt af nútíðarfólki gerir sér grein fyrir hvað erfitt var að afla sér menntunar fyrir 60-70 árum, þó ekki sé farið lengra aftur í tímann. Menntastofnanir voru sára-faar og almenn fátækt hjá öllum almenningi. Því eiga þeir menn skilið þakklæti, sem af förnýsi, eldmóð og hugsjón börðust fyrir að mennta, upplýsa og manna þjóðina. Þeir eiga það skilið að nöfn þeirra falli ekki í gleymsku. Þjóðin stendur í þakkarskuld við þá.

Sr. Ólafur Ólafsson, prófastur í Hjarðarholti í Dölum var einn af þessum mönnum. Hann starfrækti skóla í Hjarðarholti frá 1910-17. Sr. Ólafur var fæddur 1860 og hefur því staðið rétt á fimmtugu er hann stofnaði skólann.

Í æsku minni heyrði ég mikið talað um Hjarðarholtsskólann, enda átti ég heima í næstu sveit. Ég heyrði marga dást að þessu framtaki Ólafs og töldu að skólinn hefði verið rekin með miklum myndarbrag og að margir hefðu haft mjög gott af veru sinni þar.

Ég hef hvergi séð neitt skrifað um þennan skóla og veit ekki hvort nokkur gögn eru fánleg um hann. Þar sem svo langt er um liðið síðan skólinn hætti eru

þeir að líkindum fáir sem geta sagt frá veru sinni þar. Enn eru þó nokkrir mitt á meðal okkar sem sóttu skólann hjá sr. Ólafi. Einn þeirra hitti ég nýlega. Það var Flosi Jónsson kennari, fyrrum bóndi á Hörðubóli í Miðdölum, Dalasýslu. Hann var á skólanum veturinn 1916-1917. Flosi var svo vinsamlegur að skrifa minningaþátt um veru sína í skólanum umræddan vetur og fylgir hann hér með.

Skólinn mun hafa legið niðri frá 1917-1920, en þá tók hann aftur til starfa undir forystu Björns H. Jónssonar, síðar skólastjóra á Ísafirði. Björn var mikill áhuga-maður um skóla- og menningarmál. Fjárhagsörðugleikar munu hafa valdið því að hann varð að hætta rekstri skólans 1924.

Það mun hafa tíðkast öll árin sem skólinn starfaði að taka myndir af nemendum og kennurum. Mér tókst að fá tvö skóla-spjöld og fylgja þau hér með ásamt skýringum. Það skal að lokum tekið fram að greinarkorn þetta er aðeins skrifað til að vekja athygli á málinu. Starfræksla Hjarðarholtsskólans er svo merk-ur þáttur í sögu Dalanna að hann má ekki gleymast.



Nemendur í Hjarðarholtsskóla 1916-17. Efsta röð f.v.: Erlendur Jónsson frá Ólvaldsstöðum Mýrasýslu, Sturlaugur Einarsson frá Gröf í Bitru, síðar bóndi í Múla við Djúp, sr. Ólafur Ólafsson skólastjóri, prófastur í Hjarðarholti, Guðmundur Guðmundsson kennari frá Kirkjubóli í Dýrafirði, síðar skóla- og sparisjóðsstjóri í Keflavík Valdimar Jónsson frá Stykkishólmi og Ólafur Ólafsson frá Lækjarkoti í Borgarhreppi síðar bóndi þar og oddviti. Önnur röð ofan frá: Benedikt Sveinsson frá Kolstöðum, síðar kaupfélagsstjóri í Borgarnesi, Bjarni Sveinsson frá Kolsstöðum síðar bóndi í Eskiholti, Jónas Jónsson frá Gilsbakka í Dölum, Kristín Guðmundsdóttir frá Skálpastöðum í Lundareykjadal, Amalia Guðmundsdóttir frá Dunkárbakka Hörðudal og Ingiríður Kristjánsdóttir frá Gunnarsstöðum Hörðudal. Þriðja röð, talið ofan frá: Kristján Magnússon frá Seljalandi, Jóhann Bjarnason frá Leifdólsstöðum, síðar lengi verslunarmaður í Búðardal, Guðmundur Jónsson frá Ljárskógum, Sigurður Bogason frá Búðardal, Guðmundur Benediktsson frá Sauðhúsum og Jón Guðmundsson frá Felli í Kollafirði Stranda-sýslu (síðar kaupmaður í Felli við Laugavegin í Reykjavík). Neðsta röð f.v.: Eggert Guðmundsson frá Eyri í Flókadal Borgarfirði, Flosi Jónsson frá Harðarþóli, Þórður Benediktsson frá Háafelli og Ólafur Benediktsson frá Háafelli. Myndin í miðri sýnir íbúðarhús, skólahús, fjós og kirkju í Hjarðarholti.

Flosi Jónsson:

Minningar úr Hjarðarholti 1916-17

Er ég læt hugann reika til löngu liðinna tíma, verður ávallt hjart um minningarnar frá dvöl minni í unglingaskólanum í Hjarðarholti veturinn 1916-1917. 20 nemendur voru í skólanum þennan vetur og kennarar 2. Drungalegan haustdag um miðjan október söfnuð-umst við saman í skólastofnunni, en skólan átti að setja daginn eftir.

Þetta var yfirleitt hlédrægt fólk við fyrstu kynni allt frá 13 ára upp í nokkra hátt á þritugs aldri, en flestir voru um og innan við tvi-tugt. Skólastjórinn Ólafur Ólafsson prófastur (f. 1860) var ágætur kennari og stjórnaði. Mér fundust kennslustundir hans í skólanum líða alltof fljótt. Hann kenndi aðallega ensku og Íslands-sögu.

Hinn kennarinn var Guð-mundur Guðmundsson frá Kirkjubóli í Dýrafirði (f. 1893) síðar lengi skólastjóri og spari-sjóðsstjóri í Keflavík. Á honum hvíldi mestur þungi kennslunnar. Hann var skemmtilegur og dug-legur kennari og mjög samvisku-samur. Þó hann væri á svipuðum aldri og yngri en sumir náms-manna hafði hann góða stjórn í skólanum og gat verið fyndinn og gamansamur, þegar því var að skipta.

Í lestímum á kvöldin sat annar hvor kennarinn ávallt í skólastofu og var þá ævinlega hljótt og því gott næði að lesa, mest ef talað var hljóðskraf við næsta sessu-naut. Stundum voru flutt fræð-andi erindi, einkum um helgar. Var prófastur fundvís á skemmti-legt og fræðandi efni og flutti það vel svo allir hlutu að fylgjast með.

Á kvöldin, eftir lestíma, voru oft kvöldvökur og var þá lesið ýmis-legt og rætt um efnið. Ég man til dæmis að Guðmundur kennari las skáldsöguna „Sálin vaknar“ eftir Einar H. Kvaran, sem þá var ný komin út. Vakti hún mikla eftir-tekt og biðum við með eftirvænt-ingu eftir framhaldinu. Þessar kvöldvökur gáfu okkur innsýn og vöktu áhuga okkar fyrir fögrum bókmenntum. Ekki var aðstæða til íþróttaiðkana, en þó æfði Guð-mundur kennari með okkur Mölleræfingar á sunnudags morgnum og fengum við steypi-bað á eftir. Skólinn var þá hitaður

upp snemma eins og aðra daga. Af þessu sést að tíminn var not-aður til hins ýtrasta.

Þá er eftir að minnst á heimilishaldið á þessu stóra heimili, þar sem voru um og yfir 30 manns auk gesta, en gesta-koma var allmikil, einkum um póstferðir, en í Hjarðarholti var um þessar mundir miðstöð land-póstanna fyrir Vesturland, þar mættust Sunnanpóstur, Vestan-

póstur, Stykkishólmspóstur og Strandapóstur.

En stjórnartaumarnir innan-bæjar voru fyrst og fremst í hönd-um prófestsfrúarinnar Ingibjargar Pálsdóttur og hjálpar-kvenna hennar. Með reglusemi og myndarbrag gekk allt svo að segja, að okkur fannst, af sjálfu sér, svo þetta var eitt fyrir-myndarheimili.

Ég hafði hugsað mér að sækja

um skólavist þarna næsta vetur, því þó að skólinn starfaði aðeins í einni deild voru oft teknir nem-endur annan vetur; voru þeir þá utan skóla með framhaldsnám í tungumálum og reikningi. En það fór á annan veg. Þetta varð síð-asti veturinn, er skólinn starfaði. Um þetta leyti í lok heims-styrjarldarinnar fyrri fór allt verðlag stórhækkandi, skólinn hafði notið litilsháttar styrks úr

sýslusjóði og fór prófastur fram á smávægis hækkun á honum vegna dyrtíðarinnar, því hann sagðist ekki vilja hækka skólagjaldið til muna, en sýslunefndin synjaði um þessa hækkun og mun prófasti hafa sárnað og fundist ráðamenn sýslunnar hafa lítinn skilning á þessu menningarmáli, enda kom í ljós síðar, að sýslunefndin hafði gert þarna mikil mistök fjárhags-lega séð.



Skólinn í Hjarðarholti 1914 til 1915

Skólaspjaldið 1914-15. Efsta röð f.v.: Jón Jónasson Laxárdal Hrutafirði, Jónas Jónsson Bórðeyri, Jóhann Jónsson Laxárdal Hrutafirði (þessir þrír bræður), Einar Kristleifsson Stóra Kroppi Reykholtssdal Borgarfirði, Helgi Sigurðsson Hörmur Reykholtssdal Borgarfirði og Pétur Ólafsson Stóru-Tungu Fellsströnd (faðir Einar Gunnars cand mag.). Önnur röð að ofan: Ríkhartur Kristmundsson Vigholtsstöðum Laxárdal Dalasýslu, (síðar læknir), Ásta Ólafsdóttir (dóttir skólastjórans, kenndi söng), Ólafur Ólafsson prófastur Hjarðarholti, Ólafur Sigurðsson kennari (síðar lengi hreppsstjóri á Flateyri), Jóhannes úr Kötlum og Brandur Búason Litlu-Hvalsá Hrutafirði (síðar verslunarstjóri á Bórðeyri og starfsmaður Grænmetisverslunarinnar). Þriðja röð talið ofan frá: Þórður Jónsson Ballará Klofningshreppi Dalasýslu, Enok Helgason Deildartungu Reykholtssdal (síðar skó-smiður í Borgarnesi), Aðalsteinn Magnússon Skeljavík Steingrímsfirði, Magnús Einarsson Staðar-felli Fellsströnd, Kristófer Guð-brandsson Kleppjárnsreykjum Reykholtssdal og Þorsteinn Krist-leifsson Stóra-Kroppi Reyholti. Neðsta röð f.v.: Sigríður Sigurðardóttir Glerárskógum Hvammsveit (giftist Jóni Einarssyni í Sveinadalstungu), Sturlaug Guðnadóttir Glerár-skógum (amma Ómars Ragnars-sonar), Ingibjörg Grímsdóttir Hjarðarholti (flentist síðar í Kaupmannahöfn) og Sigríður Jónsdóttir Ballará (síðar eigin-kona Stefáns skálds frá Hvítadal) — Upplýsingarnar eru frá Geir Sigurðssyni